# Viltu vera MEMM?

*Samræmt verklag um móttöku, kennslu og þjónustu við börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn*

MEMM Menntun Móttaka Menning

Donata Honkowicz Bukowska sérfræðingur í mennta- og barnamálaráðuneyti

**Stjórnarráð Íslands**
Mennta- og barnamálaráðuneytið

# Áherslur í lykilskjölum

- Jákvæð sýn á fjölbreytileikann er almennt ríkjandi í lykilskjölum stjórnvalda og má þar sjá umfjöllun um þætti eins og:
  - Inngildingu, fjölmenningu, fjöltyngi, íslensku sem annað tungumál, stuðning við fjölbreyttar fjölskyldur, að öll börn fái tækifæri til að tilheyra og vera stolt af menningu sinni og bakgrunni
- Í Menntastefnu til 2030 segir:
  - Ísland er fjölmenningarsamfélag sem nýtir þá auðlind sem felst í fjölmenningarlegu skólastarfi fagnar margbreytileika nemenda og nýtir til að efla samfélagið




Heimild: Hver er staðan í menntakerfinu. Samantekt fyrir Menntaþing 2024
https://www.stjornarradid.is/library/03-Verkefni/Menntamal/Hver-er-stadan-i-menntakerfinu-Samantekt.pdf

# Staða barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

- Niðurstöður PISA
- Mælaborð um farsæld
- Íslenskar æskulýðsrannsóknir
- Fjölbreyttar rannsóknir sem beinast að:
  - Stöðu barna í íslensku miðað við jafnaldra
  - Þátttöku fjöltyngdra barna í íþrótta- og tómstundastarfi
  - Félagslegri stöðu
  - Samstarfi við foreldra
  - Þekkingu kennara og starfsfólks skóla og sveitarfélaga í vinnu með börnunum

# Upplýsingar frá Ráðgjafa- og greiningastöð um hlutfall barna af erlendum uppruna í tilvísunum og greiningum

| Þjónustuþáttur | Samtals fjöldi 2014 | Samtals fjöldi 2024 | Hækkun frá 2014 - 2024 |
|---|---|---|---|
| Fjöldi samþykktra tilvísana í greiningu | 250 | 370 | 48% |
| Þar af tilvísanir vegna barna af erlendum uppruna | 87 | 185 | 113% |
| Fjöldi landa sem börnin koma frá | 29 | 48 | 66% |
| Fjöldi barna sem fékk greiningu | 320 | 357 | 12% |
| Þar af börn af erlendum uppruna | 76 | 120 | 58% |

| Hlutfall barna af erlendum uppruna | 2014 | 2022 |
|---|---|---|
| Hlutfall nemenda með erlendan bakgrunn (Hagstofan) | Leikskóli 23%<br>Grunnskóli 20% | Leikskóli 27%<br>Grunnskóli 29% |
| Tilvísanir vegna barna | 35% | 50% |
| Fjöldi barna sem fékk greiningu | 24% | 34% |
| Börn í langtímaeftirfylgd | 29% | 36% |
| Börn sem njóta sérhæfðar ráðgjafar | 29% | 36% |
| Börn á biðlista eftir greiningu | Liggur ekki fyrir | 36% |

# 16% tilvísana vegna barna af erlendum uppruna vísað frá R&G vekur upp spurningar

Er eitthvað sem einkennir þær tilvísanir sem um er að ræða?

Er hægt að bregðast við með öðrum hætti innan skóla/sveitarfélaga til að mæta þeim áskorunum sem þarna eru fyrir hendi og draga þannig úr tilvísunum til R&G?

Hvaða þekkingu, úrræði og stuðning hafa skólarnir til að mæta fjölbreyttum áskorunum?

Hvernig eru sveitarfélögin í stakk búin til að veita skólum, börnum og fjölskyldum þá þjónustu sem þarf til að takast á við fjölbreyttari barnahópa?

Hverju breyta farsældarlögin og áherslur á menntun fyrir alla?

# Hverju breyta farsældarlögin og áherslur á menntun fyrir alla?

Uppeldis- og félagsmótunarhlutverk skóla hefur aukist

Efla þarf samstillt starf og heildstætt framboð á þjónustu

Koma í veg fyrir að fjármagn til skóla stýrist af niðurstöðum greininga

Skóla- og frístundastarf er hluti af fyrsta stigi farsældarlaga og innan skólans þar að vera ákveðin stigskipting:

- Jákvæður skólabragur og gæðakennsla fyrir öll börn með áherslu á hegðunar-félags- og tilfinningafærni
- Sívirk úrræði innan skóla til að mæta þörfum þeirra sem þurfa aukinn stuðning
- Mikill stuðningur - einstaklingsnámskrá




Rúnar Sigþórsson ofl. 2022 https://skolathraedir.is/2022/05/31/skolathjonusta-sveitarfelaga-i-nutid-og-framtid-vidfangsefni-starfshaettir-og-skipulag/

Kennslufræðileg forysta stjórnenda, teymisvinna og lærdómssamfélag

Náið samstarf innan og milli kerfa, bakland, þekking, bjargir og úrræði sem uppfylla kröfur um inngildandi menntun

# Rannsókn á skólaþjónustu á Íslandi

Rúnar Sigþórsson ofl. 2022 https://skolathraedir.is/2022/05/31/skolathjonusta-sveitarfelaga-i-nutid-og-framtid-vidfangsefni-starfshaettir-og-skipulag/

Skólaþjónusta þarf að endurspegla mikilvægustu áskoranirnar sem skólar og sveitarfélög standa frammi fyrir:

- Menntun fyrir alla
- Ræktun tilfinninga og félagsfærni
- Fjölmenningarlegt skólastarf og kennsla barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

Nokkrar niðurstöður:

- Meginviðfangsefni skólaþjónustu snúast um greiningar og skilafundi
- Lítil áhersla lögð á stuðning við starfsfólk skóla, starfsþróun og annað þróunarstarf á grundvelli gildandi menntastefnu
- Félagslegt sjónarhorn og skólamiðuð ráðgjöf mikilvæg til framtíðar
- Ábyrgð á farsæld nemenda liggur alltaf hjá skólanum sem þarf að geta leitað til skólaþjónustu eftir skólamiðaðri og kennslufræðilegri ráðgjöf
- Ávinningur í miðlægum bakhjarli skólaþjónustu til að valdefla og styðja svæðisbundna þjónustu

# Miðstöð menntunar og skólaþjónustu

Stofnuð 1. apríl 2024 Lög nr. 91/2023 - Bakhjarl fyrir íslenskt skólastarf

Heildræn nálgun í stuðningi við sveitarfélög og skóla í gegnum fjölþætt verkefni

- Stafræn vegferð
- Frigg – nýr nemendagrunnur
- Matsferill – safn tækja til að meta stöðu og framfarir barna og bregðast við
- Innleiðing aðalnámskrár
- Heillaspor
- Landsteymi
- Föruneyti barna
- MEMM

# Hvað er MEMM?

Þróunarverkefni í víðtæku samstarfi við sveitarfélög og stofnanir sem hafa unnið að því að byggja upp mannauð, þekkingu og aðferðir til að styðja við menntun og móttöku barna og ungmenna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

# Hvað er MEMM?

**Markmiðið er að:**

- Stuðla að inngildingu og virkri þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn í íslensku samfélagi
- Koma á samræmdu verklagi um móttöku, menntun og þjónustu á landsvísu í leikskólum, grunnskólum, framhaldsskólum og frístundastarfi
- Þróa og tryggja menntasamfélaginu öfluga ráðgjöf, námsgögn og verkfæri, sem og stuðning til lausnar flóknari aðstæðum

# Hvað er MEMM?

**Áherslur verkefnisins:**

- Íslenska sem annað mál
- Inngilding og fjölmenningarleg menntun
- Læsisráðgjöf - stöðumat o.fl.
- Foreldrasamstarf
- Menntun og starfsþróun kennara og starfsfólks
- Þróun og dreifing námsgagna og annarra verkfæra

# Af hverju MEMM?

- Ákall um að málefnum barna með fjölbreyttan tungumála – og menningarbakgrunn sé betur sinnt
- Byggt á niðurstöðum rannsókna, reynslu þeirra sem starfa í skóla- og frístundastarfi og röddum barna og foreldra sem hingað koma
- Margt gott gert víða - mikilvægt að nýta innviði og kerfi sem þegar eru til staðar
- Þurfum teikna upp heildarmynd, samhæfa úrræði og mannauð en ekki búa til nýtt kerfi
- Vegferð og langtímaviðfangsefni sem menntasamfélagið allt þarf að koma að

# MEMM í dag og næstu skref

- 15. maí 2024. Undirritað samkomulag um þróunarverkefnið Menntun – Móttaka – Menning (MEMM)
- Með samkomulaginu gengur Miðja máls og læsis til liðs við Miðstöð menntunar og skólaþjónustu sem hluti af MEMM á landsvísu.

# MEMM í dag og næstu skref

- MEMM á landsvísu/ráðuneytið
  - Samhæfingarteymi, ferlar og fjármögnun
  - Lærdómssamtal við fræðsluskrifstofur
- MEMM í Miðstöð menntunar
  - Verkefnastjórn
  - Þróun skólaþjónustu, ráðgjöf, fræðsla, námsefni og bjargir

# MEMM í dag og næstu skref

- Brúarsmiðir og kennsluráðgjafar fjölmenningar í leikskólum og grunnskólum hefja störf
- Þrjár íslenskubrautir í þremur framhaldsskólum – framhaldsskólateymi MEMM
- MEMM vefsvæði þar sem hægt er að nálgast verkfæri og námsefni
- Íslenska sem annað tungumál í grunnskóla
- Mál og læsi leikskóla
- Matsferill og íslenska
- Frigg – upplýsingar um fjöltyngd börn
- Heillaspor - *Tengsla- og áfallamiðuð nálgun til að styðja við þroska, nám og farsæld barna í inngildandi skóla- og frístundastarfi*
- Frístundalæsi
- Menningarmót – fjöltyngi og menningarnæmi
- Talking partners – Sammála – Markmiðasetning í foreldrasamstarfi –
- Börn með rofna skólagöngu
- Móttökuáætlanir og ferli móttöku
- Þróun á ráðgjöf og stuðningi við vettvang

## Undirbúningur

### Apríl 2024 – Júní 2024

Ráðning samhæfingarstjóra og skipulagning verkefnisstjórnar og samhæfingarteymis

Kynningarfundir með samstarfsaðilum

Heimsóknir á vettvang hefjast – samtal við skólaskrifstofur

Undirbúa ráðningar á nýju starfsfólki

Greining á núverandi stöðu, þörfum, hindrunum og tækifærum hefst

Verkefnisáætlun og tímalína

## Þróun og framkvæmd

### Ágúst 2024 – Júní 2025

Teymi MML og MMS sameinuð, gengið frá ráðningu á MEMM starfsfólki

Áframhaldandi greining á núverandi stöðu, þörfum, hindrunum og tækifærum

MEMM kynningar og samtal við skólaskrifstofur, skóla- og frístundastarf

Þróun á samræmdu verklagi um móttöku, menntun og inngildingu barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

Þróun og framkvæmd varðandi:
- ráðgjöf, námsefni og verkfæri
- stuðningkerfi fyrir skóla og frístundastarf
- námskeið og vinnusmiðjur

## Innleiðing hefst

### Júlí 2025 – Júní 2026

Unnið að samræmdu verklagi um allt land í samvinnu við vettvang

Mat, endurskoðun og eftirfylgni

Uppbygging stuðnings

Dreifing námsefnis og verkfæra

Áframhaldandi þróun námsefnis og verkfæra

Mat á verkefninu, undirbúningur lokaskýrslu og þingsályktunartillögu

## Mat, afurðir og framtíðarsýn

### Ágúst 2025 – Des 2026

Samræmt verklag fyrir móttöku og menntun barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn er tilbúið

Fjölbreytt námsefni og verkfæri eru tilbúin og aðgengileg á landsvísu

Hjá Miðstöð menntunar og skólaþjónustu starfar öflugt teymi sem styður við sveitarfélög og skóla

Starfsþróun, námskeið og fræðsluefni fyrir kennara og starfsfólk er í boði

Lokaskýrsla með mati á verkefninu og framtíðarsýn um menntun barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn liggur fyrir

Þingsályktunartillaga lögð fyrir þingið